


Viðbrögð við eldsvoða eða hættuástandi

1. Þegar brunakerfið fer í gang fara nemendur strax í röð í stofunni. Kennari og nemendur bíða í stofu á meðan skólastjóri eða umsjónarmaður slökkva á kerfinu og aðgæta hvaðan boðið kemur.
2. Ef ekki er um eldsvoða eða hættuástand að ræða lætur skólastjóri eða fulltrúi hans vita í kallkerfi um það.
3. Ef um eld er að ræða fer kerfið strax aftur í gang og skal þá rýma skólann samkvæmt áætlun.
4. Kennari athugar hvort leiðin er opin/greiðfær og tekur með sér skrá yfir **viðbrögð, nafnalista og skóhlífar og lokar öllum dyrum**.
5. Nemendur fara í skó sé þess kostur en ekki yfirhafnir.
6. Nemendur ganga **í röð** út á söfnunarsvæðið á eftir kennara sínum (**bannað að hlaupa**).
7. Þegar þangað er komið fer hver hópur á sitt afmarkaða svæði (sjá neðar).
8. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort öll börnin hafa komist út. Ef einhvern vantar skal kennari tilkynna það yfirmanni söfnunarsvæðis.



Rýmingaráætlun Fossvogsskóla

Í Fossvogsskóla er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi, útiljós og neyðarlýsing. Flóttaleiðir eru tvær eða fleiri. Í hverri stofu skólans við útgöngudyr er nafnalisti með nöfnum nemenda, lýsing á fyrstu viðbrögðum og skóhlífar.

Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun.

1. Skólastjóri eða umsjónarmaður fer að stjórnöflu brunaviðvörðunarkerfis, slekkur á kerfinu og aðgætir hvaðan brunaboðið kemur.
2. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofunnar og fara eftir ákveðnum reglum sem er að finna í hverri kennslustofu. Muna eftir nafnalista og skóhlífum. **Ef ekki er um hættu að ræða er það tilkynnt í kallkerfi skólans og skólinn ekki rýmdur. Ef kerfið fer strax aftur í gang er um eld að ræða og skal skólinn þá strax rýmdur.**
3. Skólastjóri eða umsjónarmaður hafa samband við slökkvilið í síma **112**, tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Skrifstofustjóri tekur með sér skráningarbók fjarvista. Starfsfólk rýmir skólann, fer á söfnunarsvæðið og myndar keðju fyrir framan nemendur.
4. Þegar komið er á söfnunarsvæðið hefur hver hópur sitt afmarkaða svæði. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út. Umsjónarmanni söfnunarsvæðis skal tilkynnt hver staðan er.
5. Skólastjóri eða staðgengill hans fer á milli hópa og fær upplýsingar um hve margir nemendur hafa ekki skilað sér með hópnum út og kannar hvar þeir sáust síðast.
6. Slökkvilið kemur á staðinn, skólastjóri eða staðgengill gefur varðstjóra upplýsingar um hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
7. Farið er með nemendur og starfsfólk af svæðinu í leikskólann Kvistaborg.

Sá aðili sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.